

NÁMSVAL OG VALDAGAR

Þeir nemendur sem eru í LKN áföngum vinna að námsvalinu með umsjónarkennara í LKN kennslustundum. Valblaðinu skal skilað til umsjónarkennara sem þarf að skrifa undir það.

Aðrir nemendur ná í valblöð til kennslustjóra og brautarstjóra. Á stundatöflum nemenda kemur fram umsjónarkennari (og hvort það er brautarstjóri eða kennslustjóri). Nemendur eiga að ná í valblað til þess sem er umsjónarkennari og skila valblaðinu útfylltu til umsjónarkennara aftur. Umsjónarkennari skrifar undir valblaðið.

Nemendur í VMA á vorönn 2010 hafa forgang að skólavist á haustönn 2010 að því tilskyldu að ástundun og árangur á vorönn 2010 sé viðunandi. Aðrir umsækjendur sækja um á www.menntagatt.is, í gegnum umsóknarhlekk á heimasíðu VMA, á sérstökum eyðublöðum sem fást á skrifstofu VMA eða prenta út slíkt blað af heimasíðu skólans til póstsendingar.

Nemendur í VMA eiga að skila valblöðum í síðasta lagi föstudaginn **16. apríl 2010** til að halda forgangi að skólavist á haustönn 2010.

Opnað verður fyrir umsóknir annarra nemenda 20. apríl 2010 bæði í afgreiðslu VMA og á vefnum. Umsóknum skal skila í síðasta lagi 31. maí 2010.

Umsóknum sem koma eftir 31. maí verður ekki svarað fyrr en eftir miðjan ágúst. Vegna mikillar aðsóknar síðastliðnar annir má gera ráð fyrir að skólinn geti ekki tekið inn alla umsækjendur sem sækja um og enn síður þá sem sækja um of seint.

AÐSTOÐ VIÐ NÁMSVAL

Nemendur leita aðstoðar hjá *umsjónarkennurum, brautarstjórum, kennslustjórum, námsráðgjöfum og áfangastjórum*.

ÚTSKRIFT haustönn 2010

Nemendur sem hyggjast útskrifast í desember 2010 þurfa að skrifa það á valblaðið.

NÝJUSTU UPPLÝSINGAR Á VEF VMA

Á vef VMA www.vma.is eru miklar upplýsingar um námsframboð í skólanum. Þar eru nýjustu lýsingar á námsbrautum og áföngum. Þar er líka hægt að finna sérprent úr þessum bæklingi til að prenta út lýsingar á stökum námsbrautum. Sjá *Námið, Námsbrautir* á vef VMA.

• VALBLAÐIÐ

Valblaðið er umsóknareyðublað

Með því að fylla út og skila inn valblaði sækja nemendur um skólavist á næstu önn. Þeir sækja jafnframt um að fá að stunda nám í þeim áföngum sem þeir telja upp á blaðinu. Umsóknin er í raun yfirlýsing nemenda um það á hvaða braut þeir óska eftir að stunda nám, í hvaða áföngum þeir vilja stunda nám og að þeir séu tilbúnir til þess að fylgja þeim reglum sem gilda innan skólans.

Leiðbeiningar um útfyllingu

Á valblaði eru persónulegar upplýsingar um nemanda, námsferill og listi yfir áfanga sem nemandi er skráður í á núverandi önn. Nemendur þurfa að skrá þá áfanga sem þeir sækja um (á línu sem merkt er “Endurskoðað val nemenda”) á valblaðið og skrifa síðan undir valið. Umsjónarkennari staðfestir síðan valið með undirskrift sinni.

Hér á eftir fara nokkrar ábendingar sem mikilvægt er að nemendur fylgi við útfyllingu valblaðsins.

1. **Vanda þarf til verka við val á áföngum.** Ef valblaðið er útfyllt án vandlegrar skoðunar þá getur það orðið til þess að nemendur nái ekki að ljúka nauðsynlegum áföngum á réttum tíma. Á vef VMA www.vma.is eru upplýsingar um námsbrautir og framvindu námsins. **Brautalýsingar, skipulagstöflur námsbrauta og listinn “Áfangar í boði” eru þau hjálpartæki sem best er að styðjast við.**
2. **Fjöldi eininga á önn** skal vera 16 - 18 í bóklegu námi, en u.þ.b. 20 í verklegu námi. Nemendur sem hafa staðið sig vel í námi geta þó sótt um fleiri einingar. Ef nemendur vinna með námi eða þurfa að nota tíma sinn til einhvers annars en náms á næstu önn þá verða þeir að minnka við sig námið sem því nemur. Þegar umsjónarkennari og kennslu-stjóri fara yfir umsóknir verður fjöldi eininga í vali leiðréttur með hliðsjón af árangri á fyrri önnum.
3. **Íþróttir**
Allir nemendur þurfa að velja íþróttaáfanga. Nýnemar eiga að velja áfangann ÍÐR102 (karlar) eða ÍÐR112 (konur) á haustönn og ÍÐR202 eða ÍÐR212 á vorönn. Nemendur á öðru ári geta valið einhvern af fjölmörgum valáföngum í íþróttum sem boðið er upp á. Skólinn leggur ríka áherslu á að nemendur ljúki þeim íþróttaeiningum sem kveðið er á um í brautalýsingum. Án þess geta nemendur ekki útskrifast.
Nemendur sem æfa íþróttir með meistaraflokki

geta fengið metnar einingar fyrir það. Hinrik Þórhallsson íþróttakennari sér um að meta slíkt.

4. **Varaval.** Nemendur **eiga að velja tvo til þrjá áfanga sem varavalsáfanga.** Þetta þarf að vanda á sama hátt eins og aðalvalið þar sem við töflugerð verður tekið tillit til varavals ef ekki er hægt að búa til nemendatöflu á grundvelli aðalvals. Skólinn ætlast til þess að allt val nemenda sé ábyrgt og byggt á þörfum nemenda. **Ætlast er til að nemendur standi við val sitt, bæði aðalval og varaval.**
5. **Reglur um undanfara og samlestur.** Að öllu jöfnu þurfa nemendur að ljúka áföngum í tiltekinni röð sem tilgreind er með áfangalýsingum í námsskrá og með áfanganúmerum. Nemendur sem þurfa að sækja um undanþágu frá þessum reglum verða að gera það skriflega. Slíkar undanþágur eru einungis veittar í undantekningartilvikum, aðallega í tengslum við útskrift nemenda.
6. **Nemendur sem hyggjast skipta um námsbraut þurfa að skrifa nýtt brautarheiti inn á valblað í stað þess eldra.**

Valblaðinu skal skilað útfylltu til umsjónarkennara.

Um lífsleiknikennslu

Nemendur á flestum námsbrautum þurfa að ljúka þremur einingum í lífsleikni. Kennsla í lífsleikni í VMA er tengd umsjón með nemendum sem eru að stíga sín fyrstu skref í framhaldsskóla og þess vegna er gert ráð fyrir því að þeir nemendur sem stunda nám frá byrjun í VMA ljúki áföngunum LKN102-201 eða LKN192-291.

-Um eldri nemendur og nemendur sem koma úr öðrum framhaldsskólum gildir eftirfarandi:

1. Þeir sem lokið hafa lífsleikni í öðrum framhaldsskólum fá það metið.
2. Nemendur á aldrinum 17-24 ára geta fengið valáfanga sem samrýmast markmiðum lífsleiknikennslu metna sem lífsleikni. Þetta geta verið áfangar tengdir tjáningu, samskiptum, heimilis- og fjölskyldulífi, hagnýtir verknámsáfangar o.fl. í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru í aðalnámsskrá um inntak kennslu í lífsleikni. Eftirfarandi listi er **leiðbeinandi** varðandi þau fög sem til greina koma: næringarfræði, félagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði, tjáning, fatasumur, matreiðsla.
3. Fullorðnir nemendur geta fengið reynslu, t.d. reynslu sem uppalendur eða starfsreynslu metna í stað lífsleikni. Reynsla sem metin er með þessum hætti verður skráð undir áfanganúmerinu LKN 123.